

BORGARRÁÐ 23. nóvember 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á bókhaldslyklum – MSS23110140

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á bókhaldslyklum og þeim fjölgað með það að markmiði að gera bókhald borgarinnar gagnsærra. Eins og staðan er núna virðist það vera hálfgerð kraðak, það ægir of mörgu saman og erfitt að draga nokkuð þar út með nákvæmni. Á einn og sama lykil er hægt að setja of margt og sumar tölur eru ekki sundurliðaðar þótt þær tilheyri ólíkum verkþáttum. Sem dæmi ef óskað er eftir upplýsingum um ráðgjafakaup þá er það ekki hægt því að upphæðin sem ráðgjöf kostaði er samofin kaupum á annarri þjónustu óháð tegund. Taka má sem dæmi lykilinn Verkfræðingar og undir hann ægir öllu saman sem mögulega hefur að gera með verkfræðinga. Eins og staðan er núna er því mjög auðvelt að fela kaup og ástæður fyrir þeim.

Greinargerð:

Ráðgjöf er veitt af sérfræðingum og bókuð á eftirtalda gjaldalykla í bókhaldi borgarinnar. Á þessa lykla eru öll þjónusta viðkomandi sérfræðinga bókuð óháð því hvort um ráðgjöf er að ræða eða aðra þjónustu. Ráðgjöf er því aðeins lítil hluti af kostnaðinum á þessum lyklum og er ekki aðgreind sérstaklega. Dæmi eru um að um 40 þúsund gjaldfærslur eru á gjaldlykli og kostnaður kannski á 14 milljarða. Hvernig er það möguleiki að kalla fram einhver ákveðin þjónustukaup þegar þessu er svona háttáð? Allur gangur er á hvaða bókunartextar fylgja sem eiga að tilgreina eðli útgjaldanna. Oft stendur aðeins vinna skv. tímaskýrslu eða vinna samkvæmt vinnuskjali eða aðeins verktakavinna. Gögnin eru mjög ónákvæmt. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spurði um ráðgjafakaup hjá borginni í ákveðinn tíma en ekki hefur reynst hægt að lesa úr gjalda lyklunum þann kostnað með fullnægjandi hætti.